

Reglur

um

63
4. júlí

tilhögun heimavista í Gagnfræðaskólanum á Akureyri.

1. gr.

Í skólanum eru heimavistir fyrir 45—50 nemendur. Fylgir hverri heimavist rúmstæði með undirdýnu og að minsta kosti 2 borð hverju herbergi. Heimavistunum fylgir nægilegt húsnæði til matseldar allrar, borðhalds og geymslu. Fyrir þetta greiði hver nemandi 5 kr. á ári. Ljósmeti, eldsneyti, áhöld og húsbúnað annan, en hjer er talinn, kosta nemendur sjálfir. Þeir annast og á sinn kostnað matseld alla, þvott á rúmfötum og ræsting á herbergjum þeim, sem heimavistunum fylgja.

2. gr.

Skólameistari hefir umsjón og eptirlit með heimavistunum. Hann hefir rjett til að skoða hvert það herbergi í skólanum, er heimavistarnemendur að einhverju leyti nota, hvenær sem honum þóknast, og eru heimavistarnemendur skyldir að ljúka upp fyrir honum tafarlaust, þegar hann krefst þess. Skólameistari ákveður bætur fyrir skemmdir þær, er heimanemendur kunna að valda á húsum eða munum og hefir fullkomið úrskurðarvald í öllum ágreiningi, er upp kann að koma milli þeirra og þess eða þeirra, er matseld, ræsting og þjónustu hafa á hendi fyrir þá.

3. gr.

Heimanemendur taka við herbergjunum hreinum, þegar þeir koma, og verða að skila þeim eins aftur, þegar þeir fara. Það er herbergin kunna að hafa skemmt á skólaárinu, verða herbergisbúar að bæta einn fyrir alla og allir fyrir einn, hvort sem þeir hafa valdið skemmdunum sjálfir eða utanherbergismenn.

4. gr.

Enginn heimanemandi má hafa utanherbergismann í herbergi sínu eða herbergjum sínum náttlangt án leyfis skólameistara. Hver heimanemandi hefir rjett til að vísa utanherbergismönnum burt úr herbergi sínu, þegar honum sýnist.

5. gr.

Hver sá heimanemandi, sem er með áflog, ryskingar eða annan óróa í heimavistarherbergjum, hvort sem er í herbergjum sjálfs hans eða annara, hefir fyrirgjört heimavistarrjetti sínum.

6. gr.

Enginn, hvorki heimanemandi nje bæjarnemandi, má reykja eða spýta tóbakslög í skólahúsinu eða leikfímishúsinu. Nemendur skulu í öllu temja sjer góða umgengni og híbýlaprýði, og haga sjer í hvívetna, sem siðsömu og góðu fólki sæmir. Sjerstaklega ber nemendum að vera varfærnir með ljós og eld.

63

4. júlí

Heimanemendur matast þrisvar á dag, kl. 8—9 morgunverð, kl. 3—4 dagverð og kl. 8—9 kveldverð. Kl. 8,30 á hverjum morgni skulu allir heimanemendur komnir á fætur alklæddir, kembdir og þvegnir. Ljós er slókt á göngunum, og skólanum er lokað kl. 10 á hverju kveldi. Verða þá allir heimanemendur að vera komnir til herbergja sinna. Vilji einhver þeirra vera lengur úti, verður hann að fá til þess leyfi skólameistara í hvert sinn.

8. gr.

Brjótí nemendur reglur þessar að einhverju leyti þrátt fyrir ítrekaðar áminningar hafa þeir fyrirgjört heimavistarrjetti sínum, og þess eðlis getur brotið verið, að það varði brottrekstri úr skóla.

Framanskráðar reglur, sem eru samdar af kennurum gagnfræðaskólans á Akureyri, samþykkjast hjermeð af stjórnarráðinu, sbr. 26. gr. reglugjörðar skólans 11. nóv. 1905.

Í stjórnarráði Íslands, 4. júlí 1906.

H. Hafstein.

Jón Magnússon.

64

21. júní

Amtsráðið í Vesturamtinu

gjörir kunnugt: Samkvæmt lögum 22. marz 1890, um löggildar reglugjörðir sýslunefnda, og lögum 24. nóv. 1891, um breyting á lögum þessum, er hjer með staðfest og löggilt eptirfarandi

Reglugjörð

um refaveiðar í Norðurisafjarðarsýslu.

1. gr.

Hreppsnefnd annast um alla eyðing refa samkvæmt reglugjörð þessari.

2. gr.

Refum skal einkum eytt með eitri, og skal til þess bera út eitrad agn. Til agnsins skal hafa fugla (einkum rjúpur) og kindur í heilu líki. Nota má og annað kjöt, svo og fisk og egg.

3. gr.

Í hreppi hverjum skal eitrad fyrir refi á hverjum vetri. Hreppsnefnd ræður menn til þess starfs; hafa þeir á hendi útvegum agns, útburð þess og eitrun. Þeir ráða því í samráði við hreppsnefnd hvenær og hvar er eitrad. Borgun fyrir